

Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd.

8. gr.

Réttaráhrif birtingar.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrir en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Óbirt fyrirmæli binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra.

Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skal öðlast: Fischer, Robert James, f. 9. mars 1943 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.

Markús Sigurbjörnsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.